

STJÓRNARFUNDUR Á BÆJARSKRIFSTOFU BLÖNDÓSBÆJAR ÞRIÐJUDAGINN 10. FEBRÚAR KL 13:00.

Þriðjudaginn 10. febrúar 2009 kom stjórn SSNV saman til fundar í Bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Mætt voru: Gunnar Bragi Sveinsson, Elín R. Líndal, Héðinn Sigurðsson, Björn Magnússon, Páll Dagbjartsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Gunnar Bragi Sveinsson setti fund og stjórnaði.

1. SSNV -atvinnuþróun

a. Viðtöl við umsækjendur um starf atvinnuráðgjafa í Austur Húnavatnssýslu.

Til viðtals eru mættir þrjú umsækjendur um starf atvinnuráðgjafa í Austur Húnavatnssýslu. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá ráðningu Stefáns Haraldssonar í starfið. Umsækjendur um stöðuna voru níu.

b. Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa janúar 2009.

Framkvæmdastjóri lagði fram verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa í janúar og skýrði einstök verkefni.

c. Frumkvöðla og sprotasetur á Norðurlandi vestra.

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um hugmynd um stofnun Frumkvöðla-sprotaseturs á Norðurlandi vestra. Umræður urðu um málið og afgreiðslu frestað.

2. SSNV

a. Ársþing 2009.

Stjórn SSNV leggur til að áður boðuðu ársþingi SSNV verði frestað í ljósi þess að boðað hefur verið til alþingiskosninga 25. apríl 2009. Þingið verði þess í stað haldið 21.-22. ágúst 2009 í Skagafirði.

3. Starfsendurhæfing Norðurlands vestra.

Lagt fram bréf undirbúningshóps um stofnun Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra. Óskað er eftir að SSNV gerist stofnaðili sjálfseignarstofnunar um starfsemina.

Stjórn samþykkir að SSNV gerist stofnaðili í sjálfeignarstofnuninni og felur framkvæmdastjóra að sækja stofnfundinn sem boðaður er 18. febrúar.

4. Ný vegalög - Samantekt um breytingar á Norðurlandi vestra.

Lagt fram til kynningar afrit af bréfi vegamálastjóra til framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsettu 3. febrúar 2009 vegna óska Sambandsins um viðræður við Vegagerðina vegna tillögu að nýrri vegaskrá.

Framkvæmdastjóri lagði fram samantekt um áhrif breytinga á vegaskrá í sveitarfélögum á Norðurlandi vestra. Stjórn SSNV telur mikilvægt að fram fari óháð mat á ástandi veganna áður er til breytinga kemur ef af verður.

Stjórn SSNV beinir því til Sambands íslenskra sveitarfélaga að beita sér fyrir að ekki verði lagðar íþyngjandi fjárhagslegar kvaðir á sveitarfélögin vegna boðaðra breytinga.

5. Bréf formanns Menningarráðs Norðurlands vestra dags 4. febrúar 2009.

Í bréfinu eru kynntar tvær ályktanir funda formanna menningarráða Austurlands, Norðurlands eystra, Norðurlands vestra, Suðurlands, Vestfjarða Vesturlands og menningarfulltrúa þeirra sem haldinn var á Skeiðum þann 16. janúar 2009. Önnur ályktunin lýtur að endurnýjun menningarsamninga ríkisins og landshlutasamtaka sveitarfélaga og hin að þætti menningarráða í byggðamálum þar sem minnt er á vaxandi vægi skapandi atvinnugreina í uppbyggingu íslensks samfélags.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með menntamálaráðherra vegna endurnýjunar á menningarsamningi Norðurlands vestra.

6. Efni lagt fram til kynningar



- a. **Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 3. febrúar 2009.** Í bréfinu er kynnt ákvörðun sjóðsins um framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga á árinu 2009. Framlögunum er skipt jafnt á milli landshlutasamtakana. Áætlað framlag til SSNV nemur 16,4 mkr.
- b. **Tilkynning um ráðstefnu um Byggðamál í Borgarnesi 20. febrúar 2009.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Fundargerð 760. Fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Vaxtasamningur Norðurlands vestra.** Lögð fram Aðgerðaráætlun, Matsáætlun og Fjárhagsáætlun ársins 2009 vegna Vaxtarsamnings Norðurlands vestra. Stjórn gerir ekki athugasemdir við framlagðar áætlanir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16:30.

Jón Óskar Pétursson fundarritari.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.